


Stígur Steinþórsson: „Í stjórnarstöð".

ingum — segja má jafnvel að hér kenni maður dálítinn skyldleika við Gullstrandar- og U.M.-sýningar ásamt mörgu því, sem sést hefur á sýningum undanfarið. — Og þar sem utanfélagsmenn eru í meirihluta, er þetta frekar þeirra sýning en félagssýning FÍM, og reynast margir hverjir standa fyrir sínu ekki síður en þeir sem eru þar innan dyra ...

Gestur sýningarinnar er sænski myndlistarmaðurinn **Roj Friberg** og fellur hann vel inn í hina lygnu heild með tæknilega flóknum myndum, er segja mér frekar lítið, — hann á að hafa gert mun athyglisverðari hluti, er mér tjáð, og var valinn út á þá.

Hvað sem öðru líður, þá er þetta sýning, sem vert er að skoða til að hafa nokkurn samanburð við aðrar stórar samsýningar, er nú eru árviss viðburður.

Það er von mín, að í framtíðinni taki FÍM aftur ótvíræða forystu um stórar, glæsilegar og eftirminnilegar samsýningar þar sem aðaláherslan verður aftur lögð á hið nýjasta úr smiðju félagsmanna.

Fyrirtækinu árna ég svo heilla í framtíðinni.

Bragi Ásgeirsson

að tekið yrði tillit til þeirra við raunverulega stefnumörkun. Það sama virðist eiga við um jafnréttisnefndirnar. Þær gera lítið annað en afla upplýsinga um hlut kvenna á ólíkum sviðum. Hvort það breytir einhverju er algerlega undir hælinn lagt. Það er hægfara þróun, eins og stendur í áliti nefndarinnar.

Ein hættan, sem fylgir mikilli áherzlu á réttindi kvenna, er, að þær verða um skeið teknar fram yfir karla á þeim einum forsendum, að þær séu konur. Þær leggja mikla áherzlu á það, að efla sjálfstraust sitt. Ég get ekki betur séð en að þessi afleiðing hafi þveröfug áhrif á sjálfstraustið, grafi undan því og brjóti það niður í stað þess að byggja það upp. Önnur hætta er sú, að aðalatriðið gleymist: að konur, rétt eins og menn, eiga að fá að njóta hæfileika sinna. Það er þeim erfiðara en körlum að gera það, en það getur enginn yfirstigið erfiðleikana nema þær sjálfar.

Sé þetta rétt, ber að leggja sömu mælistiku á konur og karla, hvað sem þau gera. Menn mættu gjarnan hyggja að þessu, þegar þeir hlusta á konu næst í stjórnmálakarpi. Eru þær jafn slyngar í rökræðum? Svara þær eitthvað betur en karlar? Þær konur, sem standast slík próf, eiga alla virðingu skilið og ber að taka fullt mark á þeim. En að svo miklu leyti sem jafnréttisumræðan öll er konum skálkaskjól til að komast hjá því að hlíta sömu kröfum, gangast undir sömu mælistiku, takast á við sama vanda og karlar, þá eru jafnréttisnefndir húmbúkk.

Austfirðingamót 4. nóvember

HIÐ ÁRLEGA Austfirðingamót Austfirðingafélagsis í Reykjavík verður haldið að Hótel Sögu föstudaginn 4. nóvember nk. og hefst það með borðhaldi kl. 19.

Dagskráin hefst með ávarpi formanns Austfirðingafélagsins, frú Guðrúnar Jörgensen.

Þá er ávarp heiðursgests, en heiðursgestir að þessu sinni eru hjónin frú Sigrún Sigurðardóttir og Hilmar Bjarnason, erindreki á Eskifirði.

Söngkvartettinn Bráðabirgðaflokkurinn frá Egilsstöðum syngur við undirleik Árna Ísleifssonar. Í kvartettinum eru: Ásdís Blöndal. Emilía Sigmarsdóttir, Bjarni Björgvinsson og Reynir Sigurðsson. Veislustjóri verður Sigurður Blöndal, skógræktarstjóri og mun hann segja eitthvað skemmtilegt milli atriða, og auk þess verður almennur söngur mótsgesta.

Að borðhaldi loknu verður stiginn dans til kl 3. Hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar leikur.


Fréttabréf Austfirðingafélagsins hefur verið sent öllum félagsmönnum og er þar að finna nánari upplýsingar um Austfirðingamótið og yfirlit um starfsemi félagsins.

Stjórnin væntir þess, að sem flestir Austfirðingar hittist og gleðjist saman á Hótel Sögu föstudaginn 4. nóvember nk.

(Fréttatilkynning)

SUMIR VERSLA DÝRT – AÐRIR VERSLA HJÁ OKKUR

Kynnum í dag: Úrbeinað nýreykt Foldalakjöt



Algert lostæti!

AÐEINS 89.00 pr. kg.

Beinlaus biti!

Franskar kartöflur 907 gr. AÐEINS 49.50

Ný SVIÐ 55.00 pr. kg

Lamba Hamborgara hryggur 128.00 pr.kg.

Mandarínur AÐEINS 39.50 pr.kg.

Hangikjöt Læri 128.00 pr.kg.

London Lamb 145.00 pr.kg.

Grillborgarar 15.00 pr. stk.
Stórir og safaríkir
með nýbökuðu hamborgarabrauði

Opið til kl. 4 í dag
á báðum stöðum.

VÍÐIR

AUSTURSTRÆTI 17 STARMÝRI 2